

Fw: Móttökusveitarfélög – beiðni félagsmálaráðuneytisins um þátttöku í tilraunaverkefni

Til : Rannveig Einarsdóttir
Frá : Linda Rós Alfreðsdóttir <linda.ros.alfredsdottir@frn.is>
Heiti : Fw: Móttökusveitarfélög – beiðni félagsmálaráðuneytisins um þátttöku í tilraunaverkefni
Málsnúmer : 1912116
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 17.11.2020 13:30:48
Höfundur : Linda Rós Alfreðsdóttir <linda.ros.alfredsdottir@frn.is>

Tilvísun í mál: FRN20100157

Sæl Rannveig,

Hérna er bréfið sem við sendum til ykkar á sínum tíma.

Kær kveðja Linda Rós

Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur
Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100.
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Bréf

[.....]

, 26. október 2020
FRN20100157

Efni: Móttökusveitarfélög - beiðni félagsmálaráðuneytisins um þátttöku í tilraunaverkefni

Samræmd móttaka flóttafólks hefur verið í undirbúningi hjá félagsmálaráðuneytinu í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila í nokkurn tíma. Flóttafólki sem kemur hingað á eigin vegum hefur fjölgað verulega á síðustu árum á sama tíma og stjórnvöld hafa unnið markvisst að því að fjölga móttöku flóttafólks í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Nefnd um samræmda móttöku flóttafólks var skipuð til þess að kortleggja stöðu og þjónustu við flóttafólk og leggja fram tillögur að samræmdri móttöku flóttafólks. Nefndin skilaði [skýrslu með tillögum](#) að fyrirkomulagi að samræmdri móttöku þar sem sveitarfélög, Vinnumálastofnun og Fjölmenningssetur gegna lykilhlutverkum. Í kjölfarið var skipaður starfshópur með fulltrúum frá félagsmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og formanni félagsmálastjóra um gerð samninga við móttökusveitarfélög á grundvelli kröfulýsingar og hefur viljayfirlýsing um samstarf verið undirrituð. Samningurinn felur meðal annars í sér að greitt er fyrir ákveðið starfshlutfall miðað við fjölda einstaklinga sem móttökusveitarfélagið tekur á móti og annast þjónustu við á grundvelli kröfulýsingar. Meðal þess sem kemur fram í kröfulýsingunni eru regluleg viðtöl við þjónustuþega, gerð einstaklingsbundinna áætlaða og þá er kveðið á um að móttökusveitarfélög hafi milligöngu um að einstaklingnum standi til boða húsnæði til leigu á almennum leigumarkaði í þeirra sveitarfélagi. Félagsmálaráðuneytið endurgreiðir einnig samkvæmt samningnum sveitarfélaginu sérstækar húsnæðisbætur í eitt ár. Þá eru samtals 20 m.kr. settar í þróunarverkefni hjá móttökusveitarfélagunum á tímabilinu.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þá endurgreiðir ríkissjóður jafnframt útlagðan kostnað vegna aðstoðar við erlendra ríkisborgara skv. 12.-13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

Um er að ræða reynsluverkefni til eins árs en úttekt á verkefninu verður gerð til þess að leggja mat á verkefnið og greina nánar þörf fyrir úrbætur.

Félagsmálaráðuneytið leitar að sveitarfélögum sem eru áhugasöm um að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni. Óskað er eftir fundi með áhugasömum sveitarfélögum til þess að kynna verkefnið og innihald samninga við móttökusveitarfélög. Nánari upplýsingar veitir Linda Rós Alfreðsdóttir, linda.ros@frn.is.
